

Ed.

693. Frumvarp til laga

[9. mál]

um sameiningu Borgarfjarðarhrepps og Loðmundarfjarðarhrepps í Norður-Múlasýslu í einn hrepp.

(Eftir 3. umr. í Nd., 4. maí.)

1. gr.

Borgarfjarðarhreppur og Loðmundarfjarðarhreppur í Norður-Múlasýslu skulu vera einn hreppur, sem heitir Borgarfjarðarhreppur.

2. gr.

Kostnaður við fjallskil á eyðilöndum í Loðmundarfirði skiptist þannig, að eigendur eyðjarða bera  $\frac{1}{4}$ , sveitarfélög þau, er fjárvon eiga í löndum þessum, sameiginlega  $\frac{1}{2}$  og ríkið  $\frac{1}{4}$ . Kostnaður eyðjarðaeigenda skiptist á milli þeirra í réttu hlutfalli við landverð eyðjarðanna samkvæmt gildandi fasteignamati. Sá hluti fjallskilakostnaðarins, sem kemur í hlut sveitarfélaganna samkvæmt grein þessari, skiptist á milli þeirra í réttu hlutfalli við tölu þess fjár, sem kemur af fjalli og tilheyrir íbúum hvors þeirra fyrir sig.

Verði ágreiningur um fjallskilakostnað, skal Búnaðarfélag Íslands úrskurða kostnaðarreikningana.

Sýslumaður Norður-Múlasýslu annast innheimtu á framlögum til greiðslu fjallskilakostnaðarins.

3. gr.

Kostnaður við eyðingu refa og minka í Loðmundarfirði samkvæmt lögum nr. 52 5. júní 1957 endurgreiðist Borgarfjarðarhreppi næstu fimm árin úr ríkissjóði, enda verði framkvæmd við eyðingu refa og minka hagað í samráði við veiðistjóra ríkisins.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1973.